

Ár 2017, fimmtudaginn 22. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör sendiherra

I.

Kjararáð úrskurðaði í dag, 22. júní 2017, að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör sendiherra.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 18. júlí 2016 frá utanríkisráðuneytinu. Í bréfinu segir að síðast hafi verið fjallað með heildstæðum hætti um launakjör sendiherra í ákvörðun kjaranefndar 30. desember 1999. Verði að telja að í þeirri ákvörðun hafi falist ákveðin viðurkenning á sérstöðu og mikilvægi embætta sendiherra þegar þeim voru ákveðin grunnlaun til jafns við þá embættismenn er næst gengu ráðuneytisstjórum, það er staðgengla ráðuneytisstjóra úr hópi skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands. Í kjölfar ýmissa ákvarðana kjararáðs hafi þetta samhengi í grunnlaunum raskast og sé nú svo komið að sendiherrar hafi dregist aftur úr grunnlaunum annarra embættismanna innan Stjórnarráðsins án þess að til grundvallar því liggi sérstök ákvörðun kjararáðs sem taki með heildstæðum hætti til ákvörðunar launa sendiherra.

Í bréfi utanríkisráðuneytisins eru rakin þau sjónarmið sem ráðuneytið telur rétt að líta til við ákvörðun grunnlauna sendiherra. Kemur fram að sendiherrar séu samkvæmt þjóðréttarvenjum og alþjóðlegum samningum í hópi æðstu embættismanna hverrar þjóðar. Þeir komi fram sem fulltrúar þjóðhöfðingja í samskiptum við önnur ríki og alþjóðastofnanir og hafi að alþjóðalögum í ákveðnum tilvikum stöðuumboð til að skuldbinda íslenska ríkið. Þeir séu trúnaðarbundnir gagnvart þjóðhöfðingja gistiríkis sem sérstakir fulltrúar forseta Íslands og gagnvart alþjóðastofnunum sem sérstakir fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Auk þjóðréttarvenja megi vísa til alþjóðasamningsins um stjórnmalasamband frá 18. apríl 1961 sem hafi lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 16/1971, alþjóðasamningsins um ræðissamband frá 24. apríl 1963 sem hafi lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 4/1978 og alþjóðasamningsins um réttindi Sameinuðu þjóðanna frá 13. febrúar 1946 sem hafi lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 13/1948. Þá er í bréfinu vísað til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands þar sem sendiherrar séu flokkaðir með ráðuneytisstjóra. Einnig segir að fyrstu árin eftir gildistöku laganna muni þeir hafa notið grunnlauna ráðuneytisstjóra. Þá er bent á áður nefndan úrskurð kjaranefndar um laun sendiherra frá árinu 1999 þar sem þeim voru ákveðin grunnlaun til jafns við þá embættismenn er næstir gengu ráðuneytisstjórum, það er staðgengla ráðuneytisstjóra úr hópi skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands. Telur ráðuneytið nauðsynlegt að áfram verði tekið tillit til nefndrar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 39/1971 við ákvörðun grunnlauna sendiherra.

Í bréfi utanríkisráðuneytisins segir einnig að við störf í ráðuneytinu gegni sendiherrar ýmist yfirmannsstöðum samkvæmt gildandi skipuriti ráðuneytisins á hverjum tíma eða öðrum sérfræði- og ráðgjafarstöðum þar sem reynsla þeirra og staða nýtist til hagsmunagæslu af Íslands hálfu. Megi sem dæmi nefna að það séu sendiherrar sem leiði starf ráðuneytisins á vettvangi Norðurskautsráðsins og Eystrasaltsráðsins, leiði mannréttindamálefni og norrænt samstarf og gegni hlutverki aðalsamningamanns í loftslagsmálum. Einnig geti þeir gegnt starfi heimasendiherra gagnvart alþjóðastofnunum og ríkjum þegar fyrirsvarið gagnvart þeim sé hjá utanríkisráðuneytinu. Störf sendiherra séu því ekki þau sömu og sérfræðinga almennt í ráðuneytum í Stjórnarráðinu. Vegna flutnings skyldunnar í utanríkisþjónustunni sinni sendiherrar slíkum störfum tímabundið og þeir hverfi svo alla jafna aftur til meginstarfa sinna,

Það er að veita sendiskrifstofum Íslands erlendis forstöðu. Í öllu falli telji ráðuneytið að engin rök standi til að ákvarða sendiherrum lægri grunnlaun en skrifstofustjórum með mannaforráð í Stjórnarráðinu. Þar sé rétt að líta til þess að sendiskrifstofur Íslands erlendis verði í það minnsta lagðar að jöfnu við einstakar skrifstofur í starfsskipulagi ráðuneytanna. Sendiskrifstofurnar séu vissulega misstórar hvað mannahald snerti en erfitt eða ómögulegt sé að draga af því beinar ályktanir um mikilvægi þeirra fyrir hagsmuni Íslands. Raunar geti falist í því afar miklar og auknar áskoranir að halda úti fullri starfsemi í lítilli sendiskrifstofu fjarri heimahögum í framandlegu umhverfi.

Með bréfi dagsettu 21. júlí 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var sendiherrum með bréfum dagsettum sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við kjararáð.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 24. ágúst 2016 kemur fram að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi sendiherra hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um laun þeirra að öðru leyti en fram komi í bréfi utanríkisráðuneytisins og telji eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun sendiherra.

Kjararáði bárust bréf frá sendiherrum í júlí, ágúst og september 2016. Í bréfunum er tekið undir röksemdir og sjónarmið utanríkisráðuneytisins um verkefni sendiherra, starfsumhverfi og sérstöðu sendiherrastarfsins. Meðal þess sem kemur fram er að störf sendiherra séu fyllilega sambærileg við störf og ábyrgð skrifstofustjóra með mannaforráð í Stjórnarráðinu. Sendiherrar leiði samninganefndir Íslands við erlend ríki og geti slík verkefni snúist um milljarða hagsmuni fyrir þjóðarþúið og fyrirtæki á Íslandi. Á sendiskrifstofum séu sendiherrar ábyrgir fyrir rekstri, fjármálum og starfsmannamálum þeirra auk þess sem þeir beri ábyrgð á eignum ríkisins á viðkomandi starfsstöðvum.

Með bréfum dagsettum 15. nóvember 2016 fengu sendiherrar sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Kjararáði bárust bréf frá sendiherrum í nóvember og desember 2016. Í bréfunum eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins komu á fund kjararáðs 13. febrúar 2017 og fylgdu eftir sjónarmiðum ráðuneytisins. Fulltrúar sendiherra komu á fund ráðins 23. mars 2017 og gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum.

III.

Samkvæmt lögum um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 fer utanríkisþjónustan með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmunum Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmunum Íslands að því er snertir stjórnsmál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál. Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerð við önnur ríki, nema gerð sé undantekning í lögum eða forsetaúrskurði. Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Utanríkisþjónustan greinist í ráðuneyti, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur. Yfirstjórn utanríkisþjónustunnar er hjá ráðuneytinu og hefur það eftirlit með því að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé framfylgt.

Heimilt er ráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum. Fela má forstöðumanni

sendiráðs og öðrum sendiráðsmönnum að annast ræðisstörf jafnframt öðrum störfum. Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar eða sendifulltrúar. Forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru fastafulltrúar og getur ráðherra veitt þeim sendiherranafbót meðan þeir gegna því starfi séu þeir ekki skipaðir sendiherrar.

Samkvæmt nefndum lögum skiptast starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en kjöræðismenn í fimm flokka. Sendiherrar eru í fyrsta flokki ásamt ráðuneytisstjóra. Utanríkisráðherra skipar sendiherra til fimm ára í senn. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í ráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Ekki þarf nýja skipun þótt embættismaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks en skipunartími hans framlengist við flutninginn til fimm ára í senn.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o.fl.) og sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem dveljast langdvölum erlendis fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum er ráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun sendiherra en kjaranefnd ákvað þeim laun 30. desember 1999. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Hér að framan er gerð grein fyrir starfsumhverfi og stöðu sendiherra í utanríkisþjónustunni. Sendiherrar koma fram sem fulltrúar þjóðhöfðingja í samskiptum við önnur ríki og eru bundnir trúnaði gagnvart þjóðhöfðingja gistiríkis sem sérstakir fulltrúar forseta Íslands og gagnvart alþjóðastofnunum sem sérstakir fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Þá starfa sendiherrar ýmist sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í ráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni. Kjararáð telur rétt að sendiherrar fái áfram greidd mánaðarlaun samkvæmt sama launaflokki hvort sem starfsstöð þeirra er hér á landi eða erlendis. Sendiherrar við störf erlendis hafa ekki fengið greiddar einingar og verður ekki gerð breyting þar á. Á hinn bóginn verður gerður greinarmunur á fjölda eininga hjá sendiherrum við störf í ráðuneytinu eftir því hvort þeir hafa mannaforráð eða ekki. Við ákvörðun launa sendiherra er að öðru leyti höfð hliðsjón af launum skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands auk þess sem gætt er að því innbyrðis samræmi sem ráðinu ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör sendiherra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skal greiða sendiherrum mánaðarlaun og einingar fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir eins og hér segir:

Mánaðarlaun sendiherra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða sendiherra við störf í utanríkisráðuneytinu hér á landi sem hefur mannaforráð 33 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Þá skal greiða sendiherra við störf í utanríkisráðuneytinu hér á landi sem ekki hefur mannaforráð 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör sendiherra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber